

MINNING

Bræðurnir frá Fljótssdal

Sigurþór Úlfarsson

bóndi á Háamúla

og Sæmundur Úlfarsson

Hvolsvelli

Árið 1890 hófu ung hjón búskap í Fljótssdal í Fljótshlíð. Það voru þau Guðlaug Brynjólfssdóttir fædd 21. apríl 1871 í Vesturkotu á Skeiðum og Úlfar Jónsson fæddur í Fljótssdal 24. september 1864, foreldrar hans höfðu búið þar þau Jón Jónsson frá Kaldrananesi í Myrdal og Guðbjörg Eyjólfssdóttir frá Torfastöðum í Fljótshlíð.

Þau Úlfar og Guðlaug komu fljótlega upp allgóðu búi enda var jörðin talin með betri jörðum í Fljótshlíð, landmikil og góð fjárfjörð, sem liggur að afrétti og var því fjárgæsla þar nokkuð erfið.

Heimilið í Fljótssdal var mannmargt og glæðvært og þótt bærinn væri innsti bær sveitarinnar og nokkuð afskekktur áttu margir erindi við húsráðendur, þar þótti öllum gott að koma, því bæði hjónin voru greind og gestrisin, einkum var þar mjög gestkvæmt á vorin þegar bændur ráku fé á afrétt og ekki síður á haustin þegar fjárleitir stóðu yfir. Þá þótti sjálfsagt að koma að Fljótssdal og njóta gestrisni og glæðverðar þessara ágætu hjóna.

Eins og áður er sagt var mannmargt heimili í Fljótssdal. Þau Úlfar og Guðlaug áttu 15 börn, 3 dóu í æsku en 12 komust til aldurs, öll greind og góðum kostum búin.

Guðlaug andaðist 17. febrúar 1910 og stóð Úlfar þá uppi með stóran barnahóp, hann hélt þó áfram búskap í Fljótssdal, en nokkru síðar gekk hann að eiga ágæta konu Kristrínu Kristjánsdóttur frá Árgilsstöðum í Hvolhreppi fædda þar 8. desember 1878, með henni átti Úlfar fjögur börn, eitt af þeim fæddist andvana en þrjú eru á lífi.

Tveir bræðurnir frá Fljótssdal urðu bændur í Fljótshlíð þeir Sigurþór og Sæmundur og eru þeir nýlega látnir.

Sigurþór Úlfarsson var fæddur í Fljótssdal 3. febrúar 1907. Þegar móðir hans lést var hann tekinn í fóstur að Árvörðum af sæmdarhjónumum Sigurði Tómassyni og Þórunni Jónsdóttur, og ólst hann þar upp til fullorðins ára. Sigfús yngsti sonur hjónanna í Árvörðum var nálægt tveimur mánuðum yngri en Sigurþór og voru þeir því leik og uppeldisbræður. Heimilið í Árvörðum var rómað fyrir snyrtimennsku bæði utanhúss og innan og var því góður skóli ungu fólki.

Sigurþór vann að búi fósturforeldra sinna fram eftir árum, en fór svo margar vertíðir til Vestmannaeyja og stundaði þar öll algeng störf við aðgerð á fiski og fleira og var eftirsóttur til allra starfa.



Sigurþór kvæntist 21. maí 1938 ágætri konu Katrínu Einarsdóttur, f. 20. júní 1912, Runólfs-sonar trésmíðam. frá Eintúnahálsi á Síðu. Sigurþór og Katrín hófu búskap í Háamúla í Fljótshlíð þá um vor. Bærinn stóð áður ofar og vestar í hlíðinni. Þessi ungu hjón réðust þá í það stórvirki að flytja öll hús austar og neðar, þar var minni bratti heim að bænum. Þá kom sér vel að Sigurþór var hagleiksmaður og kunnir til verka. Við þessar framkvæmdir naut hann aðstoðar Einar tengdaföður síns. Hér var í mikið ráðið fyrir ung hjón á erfiðum tímum, en þau áttu bjartsýni og áráði til þess að takast á við stór verkefni og sigrast á þeim erfiðleikum, sem við var að etja.

Túnin í Háamúla voru brött og hentuðu illa nútímabúskap. Eftir að hlaðið var fyrir Þverá ræktaði Sigurþór stór tún sunnan við farveg Þverár. Við það batnaði mjög búskaparaðstaða í Háamúla. Áður var jörðin fremur erfið og rýr, en er nú orðin gott býli.

Það var mikið áfall fyrir bændur í innanverðri Fljótshlíð þegar Hekla gaus vor. Það var 10-15 cm þykkt vikurlag á túnunum og úthaga á öllum jörðum innan við Hlíðarenda og inn á afrétt. Þá var ekki annað sýna en allar jarðir í Innhlíð færu í eyði.



Háimúli var ein af þeim jörðum, sem varð fyrir vikurhríðinni. Þessu áfalli tóku hjónin í Háamúla með miklu jafnaðargeði og kom síst í hug að hopa af hólmi og svo fór að túnin náðu sér að fullu eftir nokkur ár.

Frá árinu 1968 hefur Einar Þór, einkasonur þeirra Háamúla hjóna og kona hans, Bryndís Jóhannesdóttir búið félagsbúi með foreldrum sínum. Hann er rafvérameistari og vinnur að iðn sinni með búskapnum.

Þau Katrín og Sigurþór tóku í fóstur stúlkubarn, Sigurínu Gísladóttur og ólst hún upp hjá þeim til tvítugs aldurs. Oft var börnum komið til dvalar og náms um lengri eða skemmri tíma að Háamúla, þar nutu þau kennslu og tilsagnar Katrínar, en hún hefur verið sérlega lágín að uppfærða og kenna.

Einar, faðir Katrínar dvaldi löngum í Háamúla og naut þar frábærrar umönnunar hjá dóttur sinni og tengdasyni, hann andaðist 1. desember 1961.

Sigurþór var hægur í framkomu og skapfestu- maður. Það kom best í ljós í langvarandi veikindum og sjúkráhúsvist konu hans. Frá honum heyrðist aldrei æðruorð. Það var fjarri skapi hans að mikla fyrir sér eða leggja árár í bát þó á móti blési um stund. Slíkum mönnum er gott

Framhald á bls. 7